109 29. júní. beðinn að leggja liðsinni sitt til þess, að fá verzlunarstjóra Snorra Pálssyni á Siglufirði endurgoldnar 633 kr., er hann lagði út árið 1874 fyrir undirhald 11 norskra skipbrotsmanna af skipinu Tromsöe, og sem formaður skipsins hafði gefið út víxlbrjef fyrir upp á korresponderandi reiðara skipsins í Christjanssand, en hann neitaði að gegna því, og hefir tjeður ráðherra nú sent hingað aptur brjef frá utanríkisráðherra Þýzkalandskeisara til sendiherra Danakonungs í Berlín, sem ber með sjer, að fjelagið «Deutsche Polar-Schiffahrts-Gesellschaft», sem átti framangreint skip, hefir orðið gjaldþrota fyrir 2 árum, að tilkvöddum áður skuldheimtumönnum sínum, og að Snorri Pálsson verzlunarstjóri, sem eigi hefir lýst skuldakröfu sinni fyrir hinn tiltekna tíma, getur eigi fengið skuldina goldna, og það því síður, sem fjelagið var «anónýmt», og er nú alveg undir lok liðið.

Þetta er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, og er brjefinu látið fylgja eptirrit af áminnztu brjefi frá utanríkisstjórn Þjóðverja.

Framangreint víxlbrjef með prótesti og 3 fylgiskjölum öðrum endursendist.

110 29 júní. — *Brjef* landshöfðingja *til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um* styrk handa kvennaskóla. — Að fengnu áliti stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef það frá forstöðunefnd kvennaskólans í Skagafirði, er mjer barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 31. f. m., um styrk handa tjeðum skóla af fje því, er til er tekið í 15. grein fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg hefi veitt þetta reikningsár 200 krónur af áminnztu fje handa hinum skagfirska kvennaskóla með því skilyrði, að skólanum verði veittur að minnsta kosti jafnmikill styrkur úr sýslusjóði. — Meðan kvennaskólinn nýtur styrks úr landssjóði, á hann að vera undir yfirumsjón stiptsyfirvaldanna, eins og fyrir er mælt um kvennaskólann í Reykjavík í brjefi mínu 25. febr. þ. á. (Stjórnart. B, bls. 11—12).

111 29. júní. — *Brjef* landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík um* toll af öli og brennivíni er flyzt á flöskum. — Í þóknanlegum brjefum 13. og 15. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, borið undir mig þá spurningu, hvort taka eigi eptir lögum 11. febr. 1876 jafnmikinn toll af hverri þriggja-pela-flösku af öli, brennivíni og vínanda, er flutt er hingað til landsins, sem af einum potti.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að í 1. gr. áminnztra laga er tollur af öli, brennivíni og vínanda miðaður við pottatal, og eigi gjörður neinn munur á því, að því er þessi drykkjarföng snertir, hvort þau eru flutt til landsins í stærri eða minni ílátum; raunar er það eigi tekið fram með berum orðum um þessi drykkjarföng, að eigi sje gjörður slíkur greinarmunur, svo sem um rauðavín og messuvín; en rjett á eptir að áminzt ölföng eru upptalin í 1. grein laganna, er því viðbætt, að af öllum öðrum áfengum drykkjum skuli greiða í toll 30 aura af hverjum potti, sjeu þau flutt á ílátum, er taka meira en 1 pott, og jafn mikið af hverjum 3 pelum, sjeu þau flutt í minni ílátum. — Eptir þessu verður að kveða nei við því, er þjer spyrjið um, herra bæjarfógeti.

112 3. júlí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* kaup á handrita- og bókasafni. — Í tilefni af því, að í 13. gr. C. 7 fjárlaganna, sem út voru gefin fyrir Ísland 19. oktbr. f. á. um árin 1878 og 1879 var leyft, að verja mætti

upphæð allt að 25000 kr. til þess fyrir reikning landssjóðsins að kaupa af Jóni alþingis- 112
manni Sigurðssyni handrita- og bókasafn það, sem hann á, sendi nefndur Jón Sigurðsson 21. 3. júlí.
febrúar síðastliðinn ráðgjafanum fullkomna uppteiknun bæði yfir handritasafnið og bóka-
safnið, um leið og hann ljet í ljósi, að hann væri fús til með afhendingarskjali að láta
safnið af hendi við ráðgjafann fyrir hönd hins íslenzka landssjóðs fyrir það kaupverð
25000 kr., og að öðru leyti samkvæmt þeim kostum, sem alþingið hefði fallizt á, en sam-
kvæmt þeim bæri sjer rjettur til að hafa safnið undir höndum, meðan hann lifði, móti því
að hann tryggði safnið fyrir eldsvoða með að minnsta kosti 30000 kr.; þar með skyldi sú
viðbót, sem verða kynni við safnið, þangað til hann dæi, verða Íslands eign án sjerskildr-
ar borgunar fyrir það.

Áður en lengra ræki í málefni þessu, áleit ráðgjafinn það nauðsynlegt, að fá álit
þeirra manna, sem vit höfðu á, bæði um málefnið í heild sinni, sem og einkanlega með
tilliti til þeirrar spurningar, hvers virði safnið kynni að vera, og þess vegna voru Vilhjálmur
hæztarjettardómari Finsen og Konráð professor Gíslason beðnir að taka mál þetta til álita,
og gefa ráðgjafanum skýrslu um það. Eptir að þessir menn höfðu skoðað safnið, gáfu þeir
álit sitt um það, eins og þeir voru beðnir. Í nefndu áliti var það tekið fram um hand-
ritasafnið, að í því væru 1067 bindi, og að í því væri ekki lítið af eptirritum eptir ís-
lenzkum fornritum, nokkuð af íslenzkum annálum, mörg eptirrit eptir máldagabókum,
talsvert safn af frumrituðum skjölum eða ritgjörðum (söfnum), lútandi að íslenzku rjett-
arfari og íslenzkum bókmentum, tungu og sögu, stóreflissafn af íslenzkum kvæðum, eptir-
rit eptir hinni íslenzku jarðabók Árna Magnússonar, 17 bindi í arkarbroti, og ágrip af
hinum öðrum íslenzkum jarðabókum, og ekki alllítill hluti af handritum þessum, sem að
mestu leyti eru óprentuð, var álitinn að vera mikils virði. Um bókasafnið, sem er 5047
bindi að tölu, var það álit þeirra, að það sjer í lagi skaraði fram úr í því, hvað fullkomið
það væri bæði að því, er snertir eddufræðina og norræna goðafræði, og að því er snertir
sögu Íslands og náttúru Íslands og búnaðarástand, og að síðustu að því leyti, er snertir
prentaðar bækur á íslenzku, einkum frá eldri tímum, þar á meðal eru ekki allfáar sjald-
gæfar eða jafnvel ófáanlegar bækur. Söfn þessi, sem voru álitin að vera í góðu standi
(ásigkomulagi), mundu að áliti nefndarmanna, þegar á allt væri litið, hafa slíkt gildi og
þýðingu fyrir Ísland og ástand þess, að það væri að ætlun þeirra full ástæða til þess að
útvega þau handa bókasafni á Íslandi, einkum handa stiptsbókasafninu í Reykjavík, og
með tilliti til, hvað stór hin væntanlega verðupphæð ætti að vera, var það þeirra álit að
hún væri hæfilega ákveðin 25000 kr., og yrði hún þó alls ekki með því móti of hátt á-
kveðin.

Þegar ráðgjafinn hafði meðtekið þetta álit, þótti það ekkert áhorfsmál að ganga
að boðum þeim, sem Jón alþingismaður Sigurðsson hafði gjört, og eptir að skrifazt
hafði verið á við Jón Sigurðsson viðvíkjandi því, hvernig orða ætti skilmála þá, er al-
þingið hafði til tekið fyrir afhendingunni, sem og með tilliti til þess, að nokkur hluti af
handritunum, og eru þau 226 bindi, væri úti á Íslandi, hafði fengizt yfirlýsing hans
um, að þessi hluti af handritasafninu skyldi álítast, er afhendingarskjalið væri út gefið,
sem horfið úr hans eign og afhent hinum íslenzka landssjóði, þannig, að hann þar á
eptir skyldi engan rjett hafa til að nota og nýta þennan hluta safnsins, en ekki heldur
vera skyldur til að tryggja hann fyrir eldsvoða, var málið borið undir Hans Hátign Kon-
unginn, og veittist 24. maí þ. á. allramildilegast samþykki hans til þess að kaupa söfn
þessi fyrir 25000 kr. verðupphæð og að öðru leyti með þeim kostum, sem Jón Sigurðs-
son hafði gengið að.

Jón alþingismaður Sigurðsson, hefir síðan 12. þ. m., jafnframt og verðupphæðin

112 3. júlí. var honum greidd, gefið út í viðurvist notarii publici afhendingarskjal það, sem hjer með fylgir eptirrit eptir, aptur á móti hefir ráðgjafinn s. d. leyft honum með skriflegri yfirlýsingu, og af henni fylgir hjer einnig eptirrit, að nota og nýta söfn þau, sem hjer eru, meðan hann lifir.

Með því þessu næst samkvæmt afhendingarskjalinu að senda ráðgjafanum eldsvoðaábyrgðarskjal fyrir söfnum þeim, sem hjer eru, hljóðandi upp á 30000 kr., hefir Jón Sigurðsson með tilliti til þess hluta handritanna, sem er í Reykjavík, getið þess, að hann sje geymdur í stiptsbókasafninu, og sje í umsjón skólavarðar Jóns Árnasonar, sem mun afhenda þann hluta handritanna herra landshöfðingjanum landssjóðsins vegna.

Jafnframt því að skýra herra landshöfðingjanum frá hinu framan skráða til nauðsynlegrar leiðbeiningar og senda eptirrit eptir uppteiknun Jóns Sigurðssonar yfir handrit þau, sem eru í Reykjavík, vildi ráðgjafinn þjónustusamlega mælast til þess við yður, að þjer þóknanlega vegna landssjóðsins vilduð taka á móti þessum hluta safnsins frá fyrnefndum Jóni Árnasyni, og um það vonast ráðgjafinn að fá frá yður þóknanlega skýrslu.

113 6. júlí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán til vatnsveitinga — Eptir að ráðgjafinn hafði ritað herra landshöfðingjanum 24. maí þ. á., að hann áliti sèr eigi heimilt að veita úr viðlagasjóði lán það, er rœðir um í brjefi yðar 6. s. m., að upphæð 10000 kr., til að þurrka upp og rækta Staðarbyggðarmýrar, sem svo eru nefndar, og liggja undir Munkaþverárklaustur, með því að við það, er haft væri í boði fyrir láninu, gæti eigi álitizt nœgilegt, hafið þjer í þóknanlegu brjefi 8. f. m. getið þess, að þegar muni byrjað á að þurrka upp mýrarnar og væri mikið undir því komið, að því yrði haldið áfram, og þar með farið þess á leit, að yður yrði fengin heimild til að veita Munkaþverárklaustursumboði áminnzt lán úr viðlagasjóði, með þeim kjörum, sem til eru tekin í hinu fyrra brjefi yðar, sem sje að láninu sje skipt niður á 2 eða 3 ár og látið úti jafnóðum og verkinu skilar áfram, að greiddir sjeu 6 af hundraði á ári af því, sem lánið nemur upphaflega, upp í höfuðstólinn og í vöxtu, 28 ár í röð, og að ábúendur umboðsjarðanna greiði þessa 6 af hundraði af láninu í umboðssjóð ásamt jarðarafgjöldunum, eptir rjettri tiltölu engjalands þess, er jörðunum fylgir, og til vara leggið þjer það til, að slíkt lán verði veitt með því móti, að sett sje frekari trygging fyrir því með fasteignarveði, þangað til samþykki alþingis fáist til þess, að lánið sje veitt umboðssjóðnum eða Munkaþverárklaustursumboði með framangreindum skilyrðum.

Út af þessu er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn enn sem fyr álítur sjer eigi heimilt að fallast á aðaltillögu yðar, en hins vegar þykist hann geta leyft, að lánið sje veitt, ef sett er nœgileg trygging fyrir endurborgun þess. Með því að hjer er að rœða um lán úr viðlagasjóði, eða landssjóði, verður að taka þetta svo, að lánið sje veitt hlutaðeigandi leiguliðum og þeir eigi að endurborga það, og að hlutaðeigandi umboðsmaður eða umboðssjóðurinn sje að eins milligöngumaður til að koma málinu í kring; verða því leiguliðarnir að gefa út skuldabrjef fyrir láninu, þar sem þeir skuldbinda sig til að greiða vexti af því og borga það á framangreindan hátt og að setja veð fyrir því, að skuldbindingum þessum verði fullnœgt, slíkt sem herra landshöfðinginn álítur nœgilegt, eptir reglunum fyrir lánum úr viðlagasjóði, og eins verður þegar ábúandaskipti verða, að láta hina nýju leiguliða taka að sjer sömu skuldbindingu með samsvaranda veði. Loks skal þess getið, að sje þessu hagað á þann hátt, er hjer segir, svo að leiguliðarnir verða lánþiggendur og setja venjulegt veð fyrir láninu, kemur eigi til orða að leggja málið fyrir alþingi.